

## Minnisblað

**Efni:** Svör við spurningum frá efnahags- og viðskiptanefnd varðandi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

**Til:** Efnahags- og viðskiptanefndar

**Frá:** Fjármálaráðuneytinu/Tekju og lagaskrifstofu

---

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 12. apríl bárust fulltrúum fjármálaráðuneytisins tvær spurningar sem ekki var hægt að svara á þeim fundi og er hér að finna svör við þeim spurningum.

**1. Hvert er tekjutap ríkissjóðs við að framlengja ákvæði X til bráðabirgða til 31. desember 2006.**

Ef litið er til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu á hópferðarbifreiðum samkvæmt umræddu ákvæði á síðustu fjórum árum þá hefur meðaltal slíkrar endurgreiðslu numið um 58.7 m. kr. á ári. Mætti því segja að tekjutap ríkissjóðs vegna framlengingar á umræddu ákvæði nemi tæplega 60 m. kr. Þess ber þó að geta að afar erfitt er að spá fyrir um hve margar rútubifreiðar verða fluttar inn árið 2006 og gætu því skekkjumörk orðið veruleg.

**2. Hver er fjöldi innfluttra rafmagnsbifreiða.**

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóra hafa 23 rafknúnar bifreiðar verið fluttar inn á síðustu þrem árum, eða 11 árið 2002, 3 árið 2003 og 9 árið 2004.